

Reykjavík 5. janúar 2010

Til formanna klúbba í Soroptimistasambandi Íslands

Kæru formenn

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir samstarfið á síðasta ári. Vona ég að nýja árið færi okkur gæfu og þjóðinni allri samheldni og ástæðu til bjartsýni.

Margar hlýjar og góðar jólakveðjur bárust okkur víða að úr heiminum.

Evrópuforseti sendir bréf þar sem hún hvetur Soroptimistasystur til þess að setja sér fleiri markmið heldur en að fara í megrun, hætta að reykja o.s.frv. Við gætum líka sett okkur þau markmið að reyna að mæta á alla fundi í klúbbum, nota Soroptimistanæluna alla daga, kynna starfsemi Soroptimista út á við og vera stoltar af. Þá ættum við að vinna að fjölgun kvenna í klúbbum. Með slíkum ásetningi hjá hverri og einni munu Soroptimistasamtökin blómstra næstu 12 mánuði segir Eliane Lagasse.

Vatnsverkefni

Nú hefur að mestu safnast upp í vatnsverkefnið fyrir barnaskólann í Kollo í Afríku. Mun ég senda peningana út í þessum mánuði.

Framboð til embætta Landssambandsins

Landssambandsfundur verður haldinn á Húsavík 24. apríl 2010. Nú er því komið að tilnefningum í embætti SI/Í fyrir tímabilið 2010-2012.

Bið ég ykkur að vera duglegar að sækja um og þær sem eru þegar í embættum, sem má endurkjósa samkvæmt lögum, og hafa áhuga á því að vera áfram næsta tímabil vinsamlegast látið mig vita sem fyrst.

Framboð þurfa að berast fyrir 30. janúar 2010.

Kjósa þarf í eftirfarandi embætti:

Gjaldkera Landssambandsins

Kjörgengar eru núverandi og fyrrverandi stjórnarkonur klúbba. Verðandi gjaldkeri starfar með gjaldkera frá Landssambandsfundi fram til 1. október 2010 þegar ný stjórn tekur við.

2. varaforseta 2010 - 2012

Kjörgengar eru fyrrverandi og núverandi stjórnarkonur klúbba. 2. varaforseti fylgist með störfum fastanefnda og sinnir þeim verkefnum sem forseti felur honum.

Sendifulltrúa 2010 - 2012 og varasendifulltrúa 2010 – 2012

Kjörgengar eru þær sem hafa verið fulltrúar í klúbbum og eru starfandi eða fyrrverandi embættismenn. Nauðsynlegt er að frambjóðendur hafi gott vald á enskri tungu.

Æskilegt er að sendifulltrúi hafi gegnt stöðu varasendifulltrúa.

Endurskoðanda 1 kona og varaendurskoðanda

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu á bókhaldi.

Laga- og reglugerðanefnd 1 kona

Frambjóðendur þurfa að hafa góða þekkingu á Soroptimistastarfinu almennt og/eða vera löglærðir. Þá er nauðsynlegt að hafa gott vald á ensku.

Útbreiðslunefnd 2 konur

Útbreiðslunefnd vinnur að stofnun nýrra klúbba og með klúbbum að því að efla samtökin.

Fjárhagsnefnd 2 konur

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu á bókhaldi.

Sjóðanefnd 1 kona

Sjóðanefnd annast Systrasjóð og aðra sjóði sem fulltrúaráð felur henni að hafa umsjón með.

Fregnir 5 konur

Umsjón og útgáfa Fregna 3 sinnum á ári.

Ég hvet þá klúbba sem ekki hafa átt konur í ritnefnd að íhuga vel hvort ekki sé tímabært að gefa kost á sér í ritstjórn Fregna. Þessir klúbbar eru Akranes, Hóla og Fella, Akureyri, Grafarvogur, Húsavík, Seltjarnarnes og Snæfellsnes.

Umsjón með vefsíðu

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi víðtæka tölvukunnáttu og góða þekkingu á vefsíðugerð.

Umsjón með Hamraborg

Umsjónarmaður annast eftirlit með húsnæðinu og póstinum sem þangað berst.

Verkefnastjóra alþjóðlegrar vináttu og skilnings 2010 - 2012

Verkefnastjóra efnahags- og félagslegrar þróunar 2010 - 2012

Verkefnastjóra mannréttinda og stöðu konunnar 2010 - 2012

Verkefnastjóra mennta og menningarmála 2010 – 2012

Vek ég athygli á því að ekki verða breytingar fyrst um sinn varðandi verkefnastjóra. Enn er óljóst hvenær sú breyting verður.

Með framboðum þarf að koma fram hvaða embættum frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs og/eða Landssambandsins.

Verið duglegar að hvetja konur í embætti hjá Landssambandinu.

Með bestu óskum um öflugt starf íslenskra Soroptimista 2010.

Systrakveðja

Guðrún Erla Björgvinsdóttir

forseti SI/Í

Guðrún Erla Björgvinsdóttir
Safamýri 67
108 Reykjavík
Sími 5888842
gudbjo@simnet.is

Soroptimistasamband Íslands
Hamraborg 10
200 Kópavogur, Ísland
Sími 891-7179
soroptimist@soroptimist.is

SI/E Headquarters Office
72, route de Florissant
CH-1206, Genève, Switzerland
Tel 00-41-223460880
siehq@soroptimisteurope.org